



2. tbl. 26. febrúar 2003



## Tegund framkvæmda og atvinnuleysi

Alþýðusamband Íslands hefur fagnað ákvörðun ríkisstjórnarinnar um auknar framkvæmdir á næstu 6-18 mánuðum til þess að draga úr atvinnuleysi, en telur að leggja hefði átt meiri áherslu á mannaflsfrekar framkvæmdir. Þeir 6,3 milljarðar sem ríkisstjórnin ætlar að veita til nýrra framkvæmda, eru að stofni til vegaf framkvæmdir og nýbyggingar. Ljóst er að umræddar framkvæmdir eru ekki sérstaklega vinnuafsfrekar. Lauslega má áætla að þessar framkvæmdir skapi um 730 ný ársstörf og að atvinnuleysi minnki um 0,5%. Þá hefur ekki verið tekið tillit til margfeldisáhrifa innspýtingarinnar. Ýmsar viðhaldsframkvæmdir hefðu að öllum líkindum skapað enn fleiri störf og þannig dregið meira úr atvinnuleysi.

Ritstjóri:  
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:  
Grétar Þorsteinsson

# Áhrif flýtiframkvæmda á atvinnuleysi

Beint samband er á milli aukins hagvaxtar og atvinnuleysis, þ.e. þegar hagvöxtur eykst, þá minnkar atvinnuleysi. Óljóst er hversu sterkt þetta samband er hér á landi en almennt er talið að við 2-3% aukningu í landsframleiðslu, dragist atvinnuleysi saman um 1%. Innspýting í hagkerfið í formi aukinna framkvæmda á vegum hins opinbera, mun því leiða til aukins hagvaxtar og um leið draga úr atvinnuleysi.

Ríkisstjórnin ákvað á dögnum að veita auknu fé til vegaf framkvæmda á næstu 18 mánuðum, til að sporna við vaxandi atvinnuleysi. Annars vegar er um að ræða 6,3 milljarða króna til nýrra framkvæmda og hins vegar er ætlunin að flýta framkvæmdum sem þegar hafa verið ákveðnar. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hver kostnaðurinn er við flýti-verkefnum en gera má ráð fyrir að hann verði ekki minni en 2 milljarðar króna.

### Fleira í deiglu

Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög fyrirhuga einnig að flýta framkvæmdum. Orkuveita Reykjavíkur áætla að flýta verkefnum fyrir um 1,2–1,7 milljarða króna. Þar er um að ræða verkefni sem fyrirtækið hugðist ráðast í á árunum 2005–2006. Nú er ætlunin að flýta þeim, þannig að megin þunginn verði á árunum 2003–2004. Reykjavíkurborg hefur einnig nefnt að hægt verði að flýta

fleiri verkefnum. Yfirlit yfir þau verkefni liggur ekki fyrir og því er erfitt að gera sér grein fyrir umfanginu. Samanlagt má því gera ráð fyrir að ríkið og Reykjavíkurborg auki framkvæmdir fyrir að minnsta kosti 9–10 milljarða króna á þessu ári og því næsta. Ef gert er ráð fyrir að meginþungi tveggja þriðju hluta framkvæmdanna verði á þessu ári, má gera ráð fyrir að hagvöxtur aukist að minnsta kosti um 0,8% á þessu ári og 0,5% á því næsta. Vegna flýtingar verkefna sem fyrirhuguð voru 2005–2006, mun hagvöxtur á þeim árum minnka að sama skapi. Erfitt er að reikna út hve mikið, enda liggur ekki endanlega fyrir hvaða verkefnum verður flýtt. Hafa ber í huga, að í útreikningum hefur ekki verið gert ráð fyrir margfeldisáhrifum og því kunna áhrifin að verða meiri.

Það má því eiga von á því að hagvöxtur aukist frá því sem áður var áætlað, jafnframt því sem dregur úr atvinnuleysi.

## Launajafnrétti – hvernig gengur?

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna, þann 8. mars, standa Alþýðusamband Íslands, BHM, BSRB, KÍ, KRFÍ, SÍB, jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa, og Rannsóknarstofa í kvennafræðum fyrir fundi undir yfirskriftinni „Launajafnrétti – hvernig gengur?“

Dagskráin er fjölbreytt. Ingólfur V. Gíslason, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu fjallar um stöðuna varðandi launamun kynjanna, Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræðum og Gunnar Páll Pálsson, formaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur fjalla um dreifðstýrð launakerfi, hverjir möguleikar þeirra séu og hvað beri að varast. Hildur Jónsdóttir, jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar og Ragnhildur Helgadóttir, jafnréttisfulltrúi hjá ÍTR fjalla um hugmyndir og veruleika á bakvið jafnréttisáætlanir og jafnlaunastefnu. Að loknum framsögum verður gefinn kostur á fyrirspurnum.


Í upphafi fundarins, sem hefst kl. 12:00, verður framreidd súpa og brauð og boðið kaffi á eftir. Verð kr. 1.000. Áætlað er að fundinum ljúki um kl. 13:30. Fundurinn verður haldinn á Setrinu á Grand Hótel og honum verður stýrt af Halldóru Friðjónsdóttur, formanni BHM.

# Er gamla soðningin orðin lúxusvara?

Meðalverð á ýsuflökum hækkaði á tímabilinu 1998–2002 um 70% á meðan vísitala neysluverðs hækkaði um 21,4%<sup>1</sup>. Árið 2001 fóru 2.912 tonn af ýsu á innanlandsmarkað, eða um 7,5% af heildarýsu-aflanum<sup>2</sup>. Reikna má með því að hlutfallið sé svipað fyrir árið 2002. Margir þættir hafa áhrif á verðmyndun innanlands, s.s. verð á erlendum mörkuðum, fisk-framboð og aukin tækifæri erlendis. Til glöggvunar fóru 6.761 tonn af ísaðri ýsu í flugi árið 2001, sem lúxusvara og reikna má með því að það hlutfall hafi aukist árið 2002.

Samkvæmt neysluverðsvísitölu Hagstofunnar lækkaði liðurinn „matur og drykkjarvörur“ um u.þ.b. 4,6% á tímabilinu febrúar 2002 til febrúar 2003. Aftur á móti hækkaði undirliðurinn fiskur á þessu sama tímabili um 1,9%. Þegar skoðaðir eru undirflokkar fisks sést að flokkurinn „fiskur nýr og frosinn“ lækkaði um ca. 0,7% en „fiskur saltaður, reyktur og fleira“ hækkaði í kringum 5% á þessu tímabili.

Hlutfall ýsu í fiskverðsvísitölunni, þ.e. liðnum „fiskur“, er að mati hagdeildar rúmlega 70%. Af því er ljóst að breytingar á verði ýsu hafa afgerandi áhrif á fiskverðsvísitöluna. Ef skoðuð er þróun fiskverðs skv. neysluverðsvísitölu og þróun ýsuverðs á mörkuðum árið 2002<sup>3</sup> kemur í ljós að afurðaverð lækkaði um rúm 37% á tímabilinu en fiskverðsvísitalan hækkaði um 3,9%. Það er ljóst að lægra afurðaverð ætti að öllu jöfnu að skila sér til neytenda í lægra vöruverði en svo er ekki í þessu tilfalli.



Þann 29. janúar sl. gerði Verðlagseftirlit ASÍ könnun á fiskverði í sextán fiskbúðum og matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Þar kom m.a. fram, að meðalverð á ýsuflökum m/roði var 921 kr. Lægsta verðið var kr. 695 og það hæsta 1.048. Munurinn var því rúmlega 50%. [Sjá nánar](#)

<sup>1</sup> Gögn frá Samkeppnisstofnun

<sup>2</sup> Gögn frá Hagstofu

<sup>3</sup> Gögn frá Verðlagsstofu skiptaverðs

## Stefnt á ný mið – ráðstefna um Ísland og stækkun ESB

Stefnt á ný mið er yfirskrift ráðstefnu sem EUphoria stendur fyrir, í samvinnu við nokkra aðila, þ.m.t. Alpýðusambandið, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og EuroInfo skrifstofuna. Framsögumenn koma úr ýmsum áttum, en þekkja hver með sínum hætti vel til viðfangsefnisins, vegna sérþekkingar sinnar eða reynslu. Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra, setur ráðstefnuna og flytur stutt ávarp. Aðrir fyrirlesarar verða Diana Wallis, varaformaður nefndar Evrópuþingsins sem fer með málefni Íslands, Noregs og Sviss. Erindi hennar fjallar um Evrópusambandið og Ísland. Paal Frisvold, fyrrum formaður samráðsnefndar ESB og EFTA fjallar um það frá gagnrýnu sjónarhorni sem hefur verið kallað lýðræðishalli innan evrópska efnahagssvæðisins. Andrew Moore, framkvæmdastjóri samtaka iðnaðarins í Bretlandi fjallar

um reynslu bresks iðnaðar af ESB og Gerhard Sabathil, sendiherra ESB á Noregi og Íslandi, fjallar um áhrif stækkunar ESB á EFTA og samninginn um evrópska efnahagssvæðið. John Madeley, prófessor við London School of Economics, fjallar um þann vanda sem Íslendingar standa frammi fyrir. Eiga þeir að fylgja frændum sínum Írum, eða halda sig við frændur sína Norðmenn? Einar Benediktsson, fyrrum sendiherra, fjallar um Ísland og samrunaferlið í Evrópu, kosti og galla út frá sjónarhóli reynslunnar. Í lokin er gert ráð fyrir umræðum og fyrirspurnum.

Ráðstefnan verður haldin þann 3. mars næstkomandi á Hótel Loftleiðum. Gert er ráð fyrir takmörkuðum sætafjölda, þannig að áhugasömum er bent á að [skrá sig](#) hið fyrsta.


# Útundan í góðærinu

## Breyting kaupmáttar launa og bóta

	Niðursveifla 1988-1994	Uppsveifla 1994-2002	Allt tímabilið 1988-2002
Laun á almennum markaði	-13%	21%	6%
Laun á opinberum markaði	-9%	45%	32%
Lágmarkslaun verkamanna*	-8%	50%	37%
Ellilífeyrir og tekjutrygging*	-11%	14%	2%
Atvinnuleysisbætur	-18%	22%	0%

\*Með eingreiðslum. Heimildir: Upplýsingar um laun verkamanna eru fengnar frá Kjararannsóknarnefnd; upplýsingar um ellilífeyri og tekjutryggingu eru fengnar úr Staðtölum almennatrygginga; upplýsingar um launavísitölu og neysliverðisvísitölu eru fengnar frá Hagstofu Íslands.

## Þróun kaupmáttar launa og bóta



Heimildir: Sjá töflu.

Fer ójöfnuður vaxandi á Íslandi? Því hefur verið haldið fram að svo sé ekki, m.a. vegna þess að kaupmáttur lægstu launa og bóta hafi aukist verulega á síðustu árum. Í þessu sambandi er gagnlegt að rýna nánar í gögn um þróun kaupmáttar. Á niðursveiflutímabilinu 1988-1994 dróst kaupmáttur almennra launa saman um 13% (sjá töflu og mynd). Það er athyglisvert að á þessu tímabili dróst kaupmáttur atvinnuleysisbóta talsvert meira saman en kaupmáttur launa á almennum markaði; kaupmáttur lágmarkslauna verkamanna og kaupmáttur launa á opinberum markaði hins vegar talsvert minna. Á uppsveiflutímabilinu 1994-2002 jókst kaupmáttur launa á almennum markaði um 21%.

Á þessu tímabili jókst kaupmáttur lágmarkslauna verkamanna og kaupmáttur launa á opinberum markaði mun meira en kaupmáttur launa á almennum markaði; kaupmáttur ellilífeyris og tekjutryggingar hins vegar mun minna. Ennfremur vekur athygli, að eftir 1998 hefur kaupmáttur atvinnuleysisbóta nánast staðið í stað. Á öllu tímabilinu 1988-2002 jókst kaupmáttur launa á almennum markaði um 6%, launa á opinberum markaði um 32%, lágmarkslauna verkamanna um 37%, ellilífeyris og tekjutryggingar um 2% en kaupmáttur atvinnuleysisbóta stóð nánast í stað. Það má því segja að eftir kjaraskerðingu á niðursveiflutímabilinu hafi kaupmáttur almennt aukist; ennfremur að vísbendingar séu um að kaupmáttur launa á opinberum markaði og kaupmáttur lágmarkslauna hafi aukist tiltölulega mikið en kaupmáttur bóta tiltölulega lítið. Með öðrum orðum: Atvinnulaust fólk og eldra fólk og þeir sem búa við örorku virðast hafa orðið út undan í góðærinu, gera má ráð fyrir því að þeir eigi í vaxandi erfiðleikum með að taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra.

# Allir séu í verkalýðsfélagi – segir Alþjóðabankinn

Launamenn sem eru í verkalýðsfélagi fá hærri laun, vinna færri vinnustundir, fá meiri þjálfun og eru að jafnaði lengur í starfi en þeir sem ekki eru í verkalýðsfélögum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðabankans um áhrif verkalýðsfélaga og kjarasamninga í hagkerfinu.

Almenn þátttaka í verkalýðsfélögum leiðir til minni launamunar, og getur leitt til betri árangurs í hagkerfinu, sem m.a. birtist í minni verðbólgu og minna atvinnuleysi, meiri framleiðni og meiri og hraðari aðlögun í hagkerfinu þegar áföll verða. Ennfremur kemur fram í skýrslunni að þar sem aðild að verkalýðsfélögum er almennari, þar er launamunur milli karla og kvenna og menntaðra og ómenntaðra minni.

## Víðtæk rannsóknavinna

Í skýrslunni er stuðst við meira en eitt þúsund athuganir á áhrifum verkalýðsfélaga og kjarasamninga á vinnumarkaði. Í henni kemur ennfremur fram, að skýr farvegur fyrir samskipti launafólks og atvinnurekenda og samhæfing í þeim efnum skipta höfuðmáli að því er varðar flesta þætti á vinnumarkaði og í hagkerfinu. Þar sem samhæfing er mikil, er að jafnaði minna langtímaatvinnuleysi, minni ójöfnuður í launum og færri og styttri verkföll en í löndum þar sem samhæfing er lítil. Þar sem verkalýðshreyfingin er sundruð og ósamstiga, er oftast meiri verðbólga og meira atvinnuleysi.